



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

UMSÖGN

393. mál

Athugasemdir vegna þingsmála nr. 392 og 393, tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2014 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022.

Egilsstaðaflugvöllur

Egilsstaðaflugvöllur er einn öruggasti lendingarstaður á Íslandi, bæði í landfræðilegu og veðurfarslegu tilliti. Mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir millilandaflug er því ótvírætt og hefur synt sig, m.a. við þær aðstæður sem sköpuðust hér á landi árið 2010. Þær aðstæður drógu einnig fram nauðsyn þess að stækka flughlöð á Egilsstaðaflugvelli til að auka öryggi vallarins og möguleika við notkun hans. Slík framkvæmd nú, þegar lítið er um verkefni hjá jarðvinnuverktökum á Austurlandi, væri hagkvæm, jákvæð og eðlileg aðgerð af hálfu stjórnvalda til að bregðast við mögulegum samdrætti á svæðinu auk þess að stuðla að framtíðaratvinnuuppbyggingu í tengslum við öflugan alþjóðaflugvöll.

Undir þetta sjónarmið tók aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) í september sl. auk þess að áréttta mikilvægi þess að við þróun hans verði horft til uppbyggingar aðstöðu fyrir þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Nú þegar eru sterk rök fyrir því að koma fyrir þyrlu austanlands, ekki aðeins vegna fjölsótttra fiskimiða úti fyrir ströndinni heldur mætti þannig stytta verulega viðbragðstíma vegna slysa sem verða á austur- og norðurhluta landsins. Þar við bætist fyrirsjáanlega aukin umferð ferðamanna, m.a. í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð og síðan umsvif í tengslum við mögulega oífuvinnslu á Drekasvæðinu.

Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir fjármagni til þessara framkvæmda í fyrirliggjandi drögum að samgönguáætlun og er því lögð á það áhersla að tillögurnar verði leiðréttar með þetta í huga. Mikilvægt er að framkvæmdir vegna þessa komi inn á tímabil 1.

Vegamál

Á undanförmum misserum hafa fulltrúar Fljótsdalshéraðs vakið athygli á nokkrum brýnum verkefnum í vegabótum sem liggja fyrir á Austurlandi og sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu. Bent hefur verið á að til skemmri tíma lítið þurfi að leggja áherslu á að ráðast sem fyrst í lagningu bundins slitlags á tengivegi innan sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs. Sýnt var fram á með úttekt sem unnin var á vegum sveitarfélagsins haustið 2008 að það hefur setið eftir við uppbyggingu vegakerfisins. Þannig eru enn um 180 km tengivega malarvegir en um þá fer umtalsverð umferð.

Með því að ráðast í lagningu bundins slitlags á þessum vegum, eða hluta þeirra, má ná fram umtalsverðum sparnaði í veghaldi, draga verulega úr mengun og skapa jarðvinnuverktökum atvinnu á tímum sem verkefnapurrið ríkir. Þeir vegir sem um ræðir m.a. eru Borgafjarðarvegur, Upphéraðsvegur um Fell, Hróarstunguvegur, Jökuldalsvegur (um Efra-Dal) og Hlíðarvegur (stofnvegur).

Vakin er athygli á samþykktum aðalfundar SSA frá því í september 2011 þar sem segir m.a.:

.....
Nýframkvæmdir í vegagerð – Nauðsynlegt er að fjárfesta í vegagerð með sérstakri áherslu á vegi sem tengja jaðarsvæði við miðsvæði auk þess að stytta flutningsleiðir. Í forgangi er tenging syðsta hluta svæðisins við Fljótsdalshérað með uppbyggingu vegar um Öxi en fyrsti hluti þess verkefnis er vegagerð um Skriðdal og Beruffjarðarbotn sem einnig nýtist vel í uppbyggingu annarra vegtenginga. Vakin er athygli á að fyrir liggur hönnun þeirrar framkvæmdar í heild sinni af hálfu Vegagerðarinnar.